

## Myndhópurinn á Akureyri

2019/24

Myndhópurinn á Akureyri var stofnaður 1978. Hann var félag myndlistarfólks sem sameinaði í einu félagi fagmenn og áhugafólk í myndlist. Stofnfundur félagsins var haldinn 9. janúar 1979.

Markmið félagsins var að efla myndlist á Norðurlandi, efla samskipti milli myndlistarfólks og vera hagsmunasamtök félagsmanna. Félagið reyndi enn fremur að koma á samskiptum við myndlistarmenn á Norðurlandi og víðar.

Félagið hélt fyrstu sýninguna í nóvembermánuði 1978 í lðnskólanum við Þingvallastræti. Árið eftir var haldin önnur samsýning og var þátttaka opin öllum sem voru að fást við hverskonar myndsköpun og höfðu lítil tækifæri til að sýna verk sín.

Myndhópurinn var starfandi á Akureyri og hélt flestar sínar sýningar þar en sýndi einnig annarsstaðar á Norðurlandi m.a. á Sauðárkróki, Húsavík og í Stórutjarnaskóla.

Tvisvar sinnum stóð hópurinn fyrir minningarsýningum um listamenn, annars vegar á verkum Elísabetar Geirmundsdóttur og hins vegar á verkum Gísla Guðmann.

Hópurinn var virkur fram á 10. áratug 20. aldarinnar.

Afhendingin barst frá Guðmundi Ármanni Sigurjónssyni. Frá sama skjalamyndara hefur borist önnur afhending með nr. 2013/20.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

7. maí 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2019 / 24

## A-Myndhópurinn á Akureyri

## A-Myndhópurinn á Akureyri

1978 - 1980

A	1	1	1979 - 1980	Fundargerðabók (félagsfundir og stjórnarfundir).
A	1	2	1979 - 1980	Fundargerðabók (félagsfundir og stjórnarfundir).
A	1	3	1979 - 1980	Stakar fundargerðir (félagsfundir og stjórnarfundir); minnispointar; drög að fundarboði.
A	1	4	1979 - 1979	Reglur félagsins; innkomin og útsend bréf (mest ljósrit); sýningarskrá frá fyrstu sýningu félagsins; fréttatilkynning; meðlimaskrá (óárss.); drög að auglýsingu.
A	1	5	1978 - 1980	Höfuðbók.
A	1	6	1978 - 1978	Glósubók félagsins.